

SKILMÁLAR

FOS 24 0228

VÍXLA ÚTGEFNUM AF FOSSUM FJÁRFESTINGABANKA HF.



Útgáfuverð: 94.77335

Heildarnafnverð útgefið: 960.000.000 kr.

Útgáfudagur: 28. ágúst 2023

(„víxlarnir“)

1. Almennt

- 1.1. Þessir skilmálar gilda um þá víxla sem tilgreindir eru að ofan og Fossar fjárfestingabanki hf., kt. 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fossar**“), hefur gefið út.
- 1.2. Skilmálarnir geyma ákvæði um réttindi og skyldur útgefanda víxlanna annars vegar og eigenda víxlanna hverju sinni hins vegar. Almennir viðskiptaskilmálar um fjárfestingarþjónustu sem Fossar veita viðskiptamönum kunna einnig að gilda um viðskipti á milli Fossa og viðskiptamanna og koma þeir þá til fyllingar skilmálum þessum eftir því sem við á. Skilmálar þessir um víxla útgefna af Fossum ganga framar hinum framangreindu almennu viðskiptaskilmálum Fossa, reynist ósamræmi þar á milli, enda falli viðskiptin eða þjónustan undir skilmála þessa. Almennu skilmálarnir eru aðgengilegir á vefsíðu Fossa.
- 1.3. Skilmálar þessir skulu teljast órjúfanlegur hluti af útgáfulýsingu víxlanna ásamt viðauka við útgáfulýsinguna með skilmálum. Skjölín eru birt á heimasíðu Fossa, www.fossar.is.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Í skilmálum þessum skulu eftirfarandi hugtök hafa þá merkingu sem tilgreint er að neðan, nema annað sé sérstaklega tekið fram í viðeigandi málsgrein:
„**Bankadagur**“ er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
„**Nafnverðseiningar**“ eru þær einingar sem viðkomandi víxill er gefinn út í og tilgreindar eru í endanlegum skilmálum víxlanna.
„**Reikningsstofnun**“ er fjármálastofnun sem hefur gert aðildarsamning við verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

„**Útgefandi, greiðandi og samþykkjandi**“ er Fossar fjárfestingabanki hf., kt. 660907-0250.

„**Verðbréfareikningur**“ er rafrænn eignarreikningur í skilningi ákvæða laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

„**Víxlar**“ eru víxlар útgefnir af Fossum

„**Víxlæigendur**“ eru eigendur víxlanna, einnig vísað til sem víxihafa, sem geta framvísað staðfestingu á eignarhaldi víxlanna.

3. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

- 3.1. Víxlarnir eru gefnr út í íslenskum krónum sem er útgáfugjaldmiðill víxlanna. Víxlarnir eru gefnr út í nafnverðseiningu sem nemur kr. 20.000.000. Heildarnafnverð útgáfu er 960.000.000 kr.
- 3.2. Víxill útgefinn í samræmi við skilmála þessa felur í sér þá skyldu að á gjalddaga víxilsins skuli greiðandi víxilsins greiða rafrænt skráðum handhafa víxilsins þá fjárhæð sem víxillinn kveður á um („**víxilfjárhæðin**“).
- 3.3. Útgáfustaður víxlanna er á skráðu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík.
- 3.4. Útgáfudagur víxlanna er 28. ágúst 2023.
- 3.5. Greiðslustaður víxlanna er á skrásettu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík.
- 3.6. Gjalddagi víxlanna er 28. febrúar 2024.
- 3.7. Rafræn útgáfa víxlanna með þeim hætti sem lýst er í skilmálum þessum skal fela í sér ígildi undirskriftar útgefanda (sem útgefanda, greiðanda og samþykkjanda) undir víxlana.

4. Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag

- 4.1. Víxlarnir eru gefnr út með rafrænum hætti hjá verðbréfamiðstöðinni Nasdaq CSD. Hver og einn víxlanna verður fyrst gefinn út á tilgreindan vörslureikning útgefanda, þaðan sem þeir verða framseldir til víxileigenda.
- 4.2. Útgefandi mun, með milligöngu verðbréfamiðstöðvar, greiða upp víxlana, eftir því sem við á, samkvæmt skilmálum þessum, á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur víxlanna hafa falið vörslu á víxum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign víxla á gjalddaga. Ef gjalddagi fellur til á frídegi færist gjalddagi til næsta bankadags þar á eftir.
- 4.3. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á verðbréfareikninga eigenda víxlanna, þar sem víxlarnir eru í vörslu.

- 4.4. Útgefandi skal annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um greiðslufall á flokknum, ef til þess kemur, og skal í slíku tilfelli tilkynna verðbréfamiðstöð að nýju þegar greiðsla hefur verið innt af hendi.
- 4.5. Víxlarnir verða afskráðir úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.
- 4.6. Vanefni útgefandi greiðslu af víxlunum, enda hafi eigandi víxlanna fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á verðbréfareikningi hjá reikningsstofnun, ber útgefanda að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Undantekning er ef gjalddagi víxlanna er ekki á bankadegi og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

5. Rétthæð

- 5.1. Kröfur samkvæmt víxlunum standa ávallt jafn réttháar innan flokksins. Kröfur samkvæmt víxlunum standa jafnar öðrum almennum, óveðtryggðum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu samhliða almennum kröfum en á undan öllum víkjandi kröfum og kröfum til endurgreiðslu hlutafjár.

6. Endurgreiðsla höfuðstóls

- 6.1. Víxilfjárhæð skal greidd með einni greiðslu. Víxilfjárhæð verður því endurgreidd með einni greiðslu á gjalddaga þann 28. febrúar 2024.

7. Uppgreiðsluheimild

- 7.1. Útgefanda er óheimilt að greiða inn á víxlana eða greiða víxlana upp, í heild eða hluta, fyrir gjalddaga þeirra. Útgefanda eru þó heimil endurkaup víxla að því marki sem ófrávíkjanlegar reglur setts réttar standa því ekki í vegi.

8. Vextir

- 8.1. Víxlarnir eru vaxtalausir og seldir með forvaxtafyrirkomulagi. Stuðst er við einfalda flata vexti og dagaregluna ACT/360.

9. Yfirlýsingar

- 9.1. Útgefandi lýsir eftirfarandi yfir gagnvart sérhverjum víxileiganda:

- a) Útgefandi er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. Útgefandi ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.
 - b) Aðild að og efndir útgefanda á víxlunum brýtur ekki í bága við nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda eða stofnskjöl útgefanda eða neinum öðrum samningi eða löggerningi sem er bindandi fyrir útgefanda eða eignir hans.
 - c) Útgefandi hefur heimild til þess að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem víxlarnir fela í sér.
- 9.2. Sérhver víxill sem útgefandi gefur út myndar, eða þegar hann verður undirritaður í samræmi við ákvæði hans, mun mynda, lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar.

10. Vanefndatilvik

- 10.1. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga sem ekki eru leiðrétt innan fimm bankadaga þar á eftir getur víxlhafi þá leitað fullnustu víxlsins.
- 10.2. Sama rétt á víxlhafi, þótt gjalddagi víxlsins sé ekki kominn, ef bú greiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða honum hefur verið veitt heimild til þess að leita nauðasamnings eða að það hafi það komið í ljós við aðfarargerð að hann geti ekki greitt skuldir sínar eða að greiðandi hafi stöðvað greiðslur sínar til kröfuhafa sinna.

11. Tryggingar og ábyrgðir

- 11.1. Víxlarnir eru óveðtryggðir.

12. Önnur ákvæði

- 12.1. **Upplýsingaöflun:** Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur víxlanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og viðeigandi reikningsstofnunum þar sem víxlarnir eru geymdir á verðbréfareikningum.
- 12.2. **Vanskil:** Um vanskil víxlanna skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933.
- 12.3. **Hlunnindi:** Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.
- 12.4. **Framsal:** Framsal og eigendaskipti að víxlunum skal fara fram í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Reikningsstofnunum er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á víxlunum.
- 12.5. **Fyrning:** Kröfur samkvæmt víxlunum fyrnast á tíu árum frá gjalddagasamkvæmt 5. gr. laga nr. 140/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

- 12.6. **Skattamál:** Um skattalega meðferð víxlanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefanda ber skylda samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur að draga staðgreiðslu af vaxtatekjun og afföllum og skila í ríkissjóðs, nema eigandi víxlanna hafi falið annarri innlásstofnun, verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun innheimtu þeirra. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjöldum.
- 12.7. **Lög:** Um víxlana gilda meðal annars lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, víxillög nr. 93/1933, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.
- 12.8. **Varnarþing:** Rísi dómsmál út af vílum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Reykjavík, 23. ágúst 2023

Fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf:

Haraldur I. Þórðarson

Undirritað rafrænt